



# Greinargerð

Greinargerð um framkomnar athugasemdir um kynningu á tillögu að stækkun náttúruvættisins Hverfjalls.

Drög að stækkun náttúruvættis við Hverfjall var lögð fram til kynningar þann 2. júlí 2024. Frestur til að skila inn athugasemdum var sex vikur eða til 13. ágúst 2024.

Umsagnar- og samráðsaðilum, sem og öðrum þeim sem láta sig svæðið varða, var gefinn kostur á að senda inn ábendingar og athugasemdir. Kynningartími var auglýstur á heimasíðu og Facebook síðu Umhverfisstofnunar ásamt því sem samráðsaðilum var sent erindi um að stækkunin væri til kynningar.

Alls bárust athugasemdir og ábendingar frá þrem aðilum.

Hér á eftir er gerð grein fyrir viðbrögðum við athugasemdum sem bárust á kynningartíma og þeim breytingum sem gerðar voru á tillögu að friðlýsingarskilmálum í kjölfar kynningarferlisins. Samstarfshópur sem vann að undirbúningi stækkunarinnar þakkar öllum sem sendu ábendingar og athugasemdir.

## Athugasemdir

## Svör Umhverfisstofnunar

### Náttúrufræðistofnun

Náttúrufræðistofnun vísar í upphafi til umsagnar sinnar um áform um breytingu á friðlýsingu sem dagsett var 25. ágúst 2021 þar sem stofnunin mælti gegn fyrirhuguðum breytingum á mörkum náttúruvættisins sem þá voru til kynningar.

Athugasemd er gerð við að í 1. gr. friðlýsingar komi fram að Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hafi ákveðið að endurskoða friðlýsingu náttúruvættisins Hverfjalls með samþykki landeiganda og að fengnu áliti Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar. Náttúrufræðistofnun telur þessa framsetningu villandi þar sem stofnunin hefur áður mælt gegn breytingum á friðlýsta svæðinu.

Texta friðlýsingar hefur verið breytt í samræmi við athugasemdina.

<p>Stofnunin leggur áherslu á mikilvægi þess að halda í jaðarsvæði meðfram Hverfjalli svo náttúruvættið fái notið sín, til þess að tryggja landslagsvernd og að fjallið fái notið sín.</p> <p>Í umsögninni er dregið í efa að stækkun náttúruvættisins til austurs muni auka á verndargildi svæðisins þar sem umræddar náttúrumyndanir ná að hluta til yfir Strandarholt sem eru ótengt myndun Hverfjalls, nær ekki yfir þekktar sérstæðar jarðminjar og fela ekki í sér jarðfræðilega heild. Norðan og norðaustan við Hverfjall eru ummerki öskuflóða auk gróðurleifa sem mynduðust í Hverfjallsgosinu sem ættu ferkar heima innan náttúruvættisins.</p>	<p>Samstarfshópur tekur undir mikilvægi þess að vernda ásýnd fjallsins. Ásýnd verður bætt við sem eitt markmiða friðlýsingar í 2. gr.. Framkvæmdir á stóru svæði umhverfis Hverfjall geta haft áhrif á ásýnd fjallsins. Bent er á að skv. 54. gr. laga um náttúruvernd skulu framkvæmdir eða starfsemi sem áhrifa geta haft á verndargildi friðlýstra svæða og eru leyfisskyldar skv. öðrum lögum taka mið af friðlýsingu þess svæðis sem framkvæmd hefur áhrif á. Jafnframt ber leyfisveitanda að leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Jafnframt ríkir aðgæsluskylda skv. 6. gr. laga um náttúruvernd en þar segir að „við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.“</p> <p>Tekið er undir verndargildi túfflaga og gróðurleifa þó svæðið sé ekki tekið til verndar að svo stöddu. Við endurskoðun friðlýsingar að 10 árum liðnum kunna mörk svæðisins að verða endurskoðuð líkt og stækkun til austurs nú ber merki um. Það er mat landeigenda að ekki sé tilefni til að beina athygli að hinum viðkvæmu túfflögum nema að fyrir liggja að hægt sé að vernda þau með tilhlýðilegum hætti.</p> <p>Landeigendur vilja benda á að svæðið sem stækkun mun ná yfir er ekki á eða við Strandarholt sem er sunnar og virðast örnefni því hafa skolast til. Svæðið sem um ræðir nær yfir svæði sem nýtur sérstakrar verndar sem sögulegt hraun sem runnin eru eftir landnám skv. kortasjá Náttúrufræðistofnunar um svæði sem njóta sérstakrar verndar. Áður raskað svæði sem fellur utan friðlýsingarinnar vestan og norðan gígarins hefur sambærilega verndarstöðu.</p> <p>Samstarfshópur leggur áherslu á að það raskaða svæði sem mun falla utan friðlýsingar er skipt út fyrir svæði með sambærilegt verndargildi og er óraskað.</p>
---	---

<p>Náttúrufræðistofnun segir fulla ástæðu til að bæta inn í markmið friðlýsingar verndun landslags þar sem gígurinn er einstaklega formfagur en breytt landnotkun utan friðlýsta svæðisins getur haft neikvæð áhrif á ásynd.</p> <p>Vísað er í 14. gr. og lagt til að skotveiðar eigi að vera bannaðar innan náttúruvættisins líkt og í fyrri auglýsingu. Þá er lagt til að metið verði hvort þörf sé á refaveiðum innan náttúruvættisins og að minki skuli haldið í skefjum á mannúðlegan hátt.</p> <p>Í 16. gr. er fjallað um að endurskoðun friðlýsingar að 10 árum liðnum. Í greininni er vísað í 44. gr. lag nr. 60/2013 um náttúruvernd þar sem segir að afnám friðlýsingar eða breyting sem felur í sér að dregið er úr vernd viðkomandi náttúruminja sé aðeins heimil ef verndargildi minjanna eða svæðisins hefur rýrnað svo að forsendur eru ekki lengur fyrir friðlýsingu eða ef mjög brýnir samfélagshagsmunir krefjast þess. Náttúrufræðistofnun telur núverandi tillögur stangast á við ákvæði 44. gr. laga um náttúruvernd þar sem verndargildi svæðisins hefur hvorki rýrnað né að sterkir samfélagslegir hagsmunir séu fyrir breytingum á afmörkun svæðisins.</p> <p>Náttúrufræðistofnun mælir því gegn því að mörkum náttúruvættisins Hverfjalls verði breytt og ef vilji er til að stækka friðlýsta svæðisins ætti stækkunin að vera til norðurs þar sem óneitanlega er að finna jarðmyndanir sem tengjast Hverfjallsgosinu. Þá bendir stofnunin á skýrslu Umhverfisstofnunar frá 2004 þar sem fram koma tillögur um verndarsvæði í Skútustaðahreppi vegna breytinga á lögum um vernd Mývatns og Laxár.</p>	<p>Ekki var lögð áhersla á verndun landslags í fyrri friðlýsingu en þess í stað lögð áhersla á vernd jarðminja. Tekið er undir mikilvægi þess að vernda ásynd þrátt fyrir að höfuðáhersla sé á að vernda jarðminjar og er ásynd bætt inn í 2. gr. sem verndarmarkmið.</p> <p>Verndargildi Hverfjalls styður ekki bann við veiðum inni á svæðinu en skv. 21. gr. vopnalaga nr. 16/1998 er óheimilt að bera skotvopna á almannafæri og Hverfjall sem ferðamannastaður fellur þar undir. Varðandi refa- og minkaveiðar gilda 12. og 13. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum en jafnframt er fjallað um takmarkanir á hvaða veiðarfæri er heimilt að nota við veiðar.</p> <p>Í samráði við landeigendur hefur verið ákveðið að hafa endurskoðunarákvæði í friðlýsingarskilmálum fyrir Hverfjall en breytingar á friðlýsingu eru háðar 44. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.</p> <p>Það er mat samstarfshóps að ekki sé dregið úr vernd Hverfjalls með þeirri stækkun sem hér er til umfjöllunar þar sem röskuðu svæði er skipt út fyrir sambærilegt, óraskað svæði.</p> <p>Álit Náttúrufræðistofnunar er mótttekið.</p>
--	---

<p><b>Vegagerðin</b></p> <p>Vegagerðin bendir á að Hverfjallsvegur (8816-01) liggur við mörk friðlýsta svæðisins. Til að tryggja að Vegagerðin geti þjónustað og viðhaldið veginum er mikilvægt að afmörkun verndarsvæðis sé fyrir utan veghelgunarsvæði.</p>	<p>Samstarfshópur bendir á að vegstæði hefur verið breytt frá Seftjörn, vestan Hverfjalls, að þjónustusvæði norðan fjallsins. Við Seftjörn liggja mörk svæðisins samhliða veginum á stuttum kafla. Samstarfshópur leggur til, svo allur vafi sé tekinn af, að sett verði inn heimild til viðhalds vega í skilmála friðlýsingarinnar án leyfis Umhverfisstofnunar.</p>
<p><b>Þingeyjarsveit</b></p> <p>Byggðarráð tók stækkun náttúruvættis við Hverfjall til umfjöllunar. Ráðið telur mikilvægt Hverfjall verði verndað svo sómi sé að ásamt því að gæta þess að almenningur geti átt aðkomu að þessum einstaka öskugíg. Við endurskoðun friðlýsingarinnar þarf að endurspeglar að sérstæðar jarðmyndanir njóti verndar og að aðgengi almennings sé tryggt til útivistar og fræðslu þar með að aðgengi sé ekki takmarkað.</p>	<p>Samstarfshópur tekur undir mikilvægi þess að vernda Hverfjall og tryggja komandi kynslóðum aðgengi og jákvæða upplifun að svæðinu. Samstarfshópur telur að sú stefna nái fram að ganga með auglýstum breytingum.</p>